

# Netgreiðslur


Síðast uppfært 24/06/2026 5:02 pm BST

## Hvernig virka netgreiðslur í Noona?

Netgreiðslurnar gera þér kleift að taka við greiðslum þegar viðskiptavinir bóka tíma hjá þér á Noona. Hægt er að leyfa þeim að velja um að klára greiðslu við bókun **og/eða** krefjast staðfestingargjalds. Afar einfaldar í uppsetningu og hægt að sérsníða eins og þér hentar.

## Virkjun netgreiðslna

- Til þess að geta tekið við netgreiðslum í gegnum Noona þá þurfum við að byrja á því að setja upp greiðslugátt. Fylltu út þetta form til þess að að sækja um greiðslugátt: <https://noonaiceland.my.site.com/forms/s/saekjaumfaersluhirdingu>
- Næst mun færsluhirðirinn sem þú valdir senda þér tölvupóst þar sem þú samþykkir verð og skilmálana þeirra.
- Að lokum fáum við tengiupplýsingar frá færsluhirði þar sem við tengjum greiðslugáttina við Noona HQ aðganginn þinn, þegar það er komið þá getur þú byrjað að taka við netgreiðslum.



## Sérsniðnar lausnir

Þú getur sérsniðið netgreiðslu stillingarnar að þínum þörfum.

Það koma nefnilega margir möguleikar til greina, eins og t.d. hvort þú viljir einungis hafa staðfestingargjald í ákveðnar þjónustur eða fyrir ákveðna starfsmenn. Hvort þú viljir að það sé valkvæmt fyrir viðskiptavinin að borga í gegnum netið og margt fleira.

Hér fyrir neðan ætla ég að taka saman nokkur notkunartilvik sem ættu að hjálpa þér að finna hvað hentar þér og

þinni stofu best.

## Staðfestingargjald

Staðfestingargjaldið er gjald sem að viðskiptavinurinn verður að borga til þess að geta bókað. Með þessu gjaldi er viðskiptavinur að staðfesta mætingu sína og með því getur þú verið viss um að **fá alltaf eitthvað fyrir þinn tíma.**

Þetta getur líka leitt til þess að viðskiptavinurinn er líklegri til þess að mæta í tímann eða afbókar með nægum fyrirvara. Að vera með staðfestingargjald getur einnig einfaldað lífið fyrir þig þar sem þú þarft ekki að elta uppi skrópkröfur.

### Netgreiðslur

**Greiðslugátt**

Greiðslur fara í gegnum þína greiðslugátt og eru gerðar upp beint inná bankareikninginn þinn.

Greiðslugáttin þín hefur verið tengd og þú getur tekið við netgreiðslum

---

**Bókunargreiðslur**

Rúkaðu hluta af eða fullt verð fyrir þjónustu þegar að bókað er í gegnum Noona til að koma í veg fyrir skróp

**Virka greiðslur**

**Grunnstillingar**

Krefjast staðfestingargjalds

Staðfestingargjald 100% >

**Þjónustur**

24 þjónustur virkjaðar [Breyta](#)

6 þjónustur sérsníðnar

## Valkvæm greiðsla

Þegar þú leyfir fulla fyrirframgreiðslu þá getur viðskiptavinurinn valið hvort greitt sé fyrir allan tímann við bókun eða þegar mætt er í tímann.

Þessi leið hentar þeim vel sem hafa lítinn tíma í afgreiðslu auk þess gefur þetta þriðja aðila kleift að greiða auðveldlega fyrir tímann.

Ef þú selur gjafabréf og/eða klippikort á Noona þá geta viðskiptavinir líka nýtt þau við bókun.

### Netgreiðslur

**Greiðslugátt**

Greiðslur fara í gegnum þína greiðslugátt og eru gerðar upp beint inná bankareikninginn þinn.

Greiðslugáttin þín hefur verið tengd og þú getur tekið við netgreiðslum

---

**Bókunargreiðslur**

Rúkaðu hluta af eða fullt verð fyrir þjónustu þegar að bókað er í gegnum Noona til að koma í veg fyrir skróp

**Virka greiðslur**

**Grunnstillingar**

Krefjast staðfestingargjalds

Leyfa fulla fyrirframgreiðslu

**Þjónustur**

24 þjónustur virkjaðar [Breyta](#)

6 þjónustur sérsníðnar

## Staðfestingargjald og valkvæm greiðsla

Viðskiptavinur greiðir t.d. 50% staðfestingargjald en getur líka klárað að borga allan tímann fyrirfram ef hann kys það.

### Netgreiðslur

**Greiðslugátt**

Greiðslur fara í gegnum þína greiðslugátt og eru gerðar upp beint inná bankareikninginn þinn.

Greiðslugáttin þín hefur verið tengd og þú getur tekið við netgreiðslum

---

**Bókunargreiðslur**

Rúkaðu hluta af eða fullt verð fyrir þjónustu þegar að bókað er í gegnum Noona til að koma í veg fyrir skróp.

**Virka greiðslur**

**Grunnstillingar**

- Krefjast staðfestingargjalds
- Staðfestingargjald 50% >
- Leyfa fulla fyrirframgreiðslu

**Þjónustur**

24 þjónustur virkjaðar [Breyta](#)

## Frekari stillingar

Þú getur auk þess sérsniðið stillingar bæði fyrir ákveðnar þjónustur en einnig ákveðna starfsmenn. T.d. ef það eru ákveðnir starfsmenn sem vilja ekki hafa staðfestingargjald sín megin eða ef þú villt hafa ákveðnar þjónustur með mishátt prósentugjald.

### Netgreiðslur

**Bókunargreiðslur**

Rúkaðu hluta af eða fullt verð fyrir þjónustu þegar að bókað er í gegnum Noona til að koma í veg fyrir skróp.

**Virka greiðslur**

**Grunnstillingar**

- Krefjast staðfestingargjalds
- Staðfestingargjald 50% >
- Leyfa fulla fyrirframgreiðslu

**Þjónustur**

- 24 þjónustur virkjaðar [Breyta](#)
- 6 þjónustur sérsniðnar

**Starfsmenn**

- 9 starfsmenn virkjaðir [Breyta](#)
- 3 starfsmenn með eigið uppgjör

## Uppgjör og endurgreiðslur

### Hvernig veit ég hvort það sé búið að greiða fyrir tímann?

Ef þú rennir músinni yfir tímann þá sérðu upplýsingar um hvort það sé búið að greiða fyrir tímann. Það er ekki nauðsynlegt að nota sölukerfið ef þú ert að nota Noona Pay en fyrir þá sem eru að nota sölukerfið þá er einnig gert ráð fyrir fyrirframgreiðslunni þegar að tíminn er afgreiddur í sölukerfinu.

**birna**

kt

11:15 - Consult (30m)

@ Birna


5 ISK fyrirframgreitt

### Hvenær fæ ég greitt fyrir tímann?

Færsluhirðirinn sem þú ert hjá sér um að gera upp við þig. Ef tími er fyrirframgreiddur á Noona mun greiðslan skila sér til þín næsta virka dag.

### Hvernig virka endurgreiðslur?

Viðskiptavinir fá sjálfkrafa endurgreitt ef afbókað er innan þíns afbókunarramma. Einnig getur þú endurgreitt tímann hvenær sem er með því að smella á bókunina í Noona HQ.

 Endurgreiðsla getur tekið 3-5 daga og í heimabankanum birtist endurgreiðslan á sama degi og fyrri greiðslan fór út af kortinu.

### Uppgjör á eigin reikning (verktakar)

Ef þú ert verktaki á stofu eða ert með verktaka í vinnu hjá þér að þá er þessi leið frábær þar sem þú getur núna beint greiðslunni á mismunandi reikninga. Þetta gerir það að verkum að þú þarft ekki að eyða tíma í að gera upp netgreiðslurnar þín megin ef þú ert eigandi og er auk þess afar þægilegt fyrir verktaka þar sem greiðslan fer beint inn á þinn eigin reikning.

Smelltu [hér](#) til þess að læra meira um skráningu verktaka í sölukerfinu.

---

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbútbluna. Hlökkum til að heyra frá þér! ♥

---